



FUNDARBOÐ

Aðalfundur FÍ fasteignafélags slhf., kt. 571212-0210, verður haldinn að Ármúla 13A, 108 Reykjavík, kl. 14:00, þann 18. mars 2015.

Á dagskrá fundarins verða eftirfarandi liðir:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2014 lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins fyrir árið 2014.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnar félagsins.
5. Ákvörðun um þóknun til fjárfestingaráðs félagsins.
6. Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins.
7. Kosning fjárfestingaráðs félagsins.
8. Kjör endurskoðanda.
9. Samantekt stjórnar um hlutafjáreign og samstæðutengsl.
10. Tillaga um starfskjærastefnu.
11. Önnur mál.

Kjör stjórnar

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar munu liggja frammi hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins, að Amtmannsstíg 1, 101 Reykjavík, eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn, sbr. 63. gr. a laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Dagskrá, endanlegar tillögur, ársreikningur félagsins, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðanda munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis 14 dögum fyrir aðalfund.

Til þess að tillögur frá hluthöfum sem leggja á fyrir á fundinum verði teknar þar til umræðu verður að skila þeim til stjórnar félagsins nægum fyrirvara svo unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Á heimasíðu félagsins, www.fifasteignir.is, verður að finna allar frekari upplýsingar í tengslum við aðalfundinn, þ.m.t. rétt hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar, ársreikning félagsins, drög að dagskrá fundarins, tillögur stjórnar félagsins, skýrslu stjórnar félagsins, upplýsingar um heildarfjölða hluta og atkvæðafjölða í félaginu, umboðsform auk upplýsinga um skjöl sem lögð verða fyrir fundinn.



Umboðsmenn hluthafa skulu framvísa skriflegum umboðum við inngang. Notast verður við skriflega kosningu. Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á aðalfundardaginn frá kl. 13 á fundarstað.

Reykjavík, 25. febrúar 2015

F.h. stjórnar FÍ fasteignafélags slhf.

Brynjólfur J. Baldursson
Brynjólfur J. Baldursson, formaður